

KLIFUR

SJÁLFSBJÖRG LANDSSAMBAND HREYFIHAMLAÐRA

HARALDUR ÞORLEIFSSON

Óhætt er að fullyrða að enginn einn maður á Íslandi hafi haft meiri áhrif á viðhorfið til aðgengismála en Haraldur

Römpum upp Ísland
Stefnt á 1.500 rampa

Nýr formaður Sjálfsbjargar
Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Gott aðgengi
Aðgengisátak í ferðapjónustu

Lögfesting á næsta leyti
Jákvæð tíðindi um samning Sp

Aðgengisfulltrúar um land allt
Aðgengisfulltrúar í 90% sveitarfélaga



TÍMARIT
SJÁLFSBJARGAR 2022

WWW.SJALFSBJORG.IS
SJÁLFSBJÖRG LSH
HÁTÚNI 12
105 REYKJAVÍK

START YOUR IMPOSSIBLE



TOYOTA



Alþjóðlegur samstarfsaðili
Ólympíuleikanna



Alþjóðlegur samstarfsaðili
Ólympíumóts fatlaðra

Undirbúningurinn fyrir Ólympíumót fatlaðra er í fullum gangi. Fylgstu með sendiherrum okkar gera atlögu að hinu ómögulega á hverjum degi – alla leið til Parísar 2024.

FRELSIÐ TIL AÐ HREYFA SIG GERIR ALLT MÖGULEGT



Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir
Mynd: Bjarney Lúðvíksdóttir

Klifur - Tímarit Sjálfsbjargar

Útgefandi: Sjálfsbjörg Ish
Hátúni 12, 105 Reykjavík
+354 550 0360
info@sjalfsbjorg.is
www.sjalfsbjorg.is

Framleiðsla og auglýsingar:
Finnsson & Co

Ritstjóri:

Páll Tómas Finnsson
palltomas@finnsson.dk

Ábyrgðarmaður:
Ósk Sigurðardóttir
osk@sjalfsbjorg.is

Forsíðumynd:

Golli - Kjartan Þorbjörnsson
Prentun: Prentmet Oddi
ISSN 1670-312X

4 Stuttar fréttir

Áramótahappdrætti, hjálparlíðasjóður, norræn ráðstefna, landsfundur 2023 og fleira.

6 Haraldur og ramparnir

Viðtal við Harald Þorleifsson sem hefur lyft grettistaki í aðgengismálum Íslandi.

12 Römpum upp Ísland

Mörgum fannst metnaðarfullt að stefna á þúsund rampa á fjórum árum. Markið er nú sett á 1.500.

16 Nýr formaður Sjálfsbjargar

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir sér ótal tækifæri í baráttunni fyrir réttindum fatlaðs fólks.

LEIÐARI FORMANNS SJÁLFSBJARGAR

Fyrst af öllu langar mig að þakka öllu því yndislega fólki sem ég hef starfað með síðan ég tók við sem formaður Sjálfsbjargar. Það er mikill kraftur í starfi Sjálfsbjargar og margt jákvætt að gerast varðandi aðgengi og réttindi fatlaðs fólks. Barátta okkar skilar árangri og ég hlakka til áframhaldandi samstarfs við ykkur öll.

Tímarit Sjálfsbjargar í ár er fullt af áhugaverðu efni um málefni hreyfihamlaðra og starfsemi samtakanna. Fyrst ber að nefna umfjöllun um þann stórkostlega árangur sem náðst hefur með Römpum upp Reykjavík og Römpum upp Ísland og viðtal við Harald Þorleifsson. Á einungis tveimur árum hefur Haraldi tekist að gjörbreyta hugarfarinu gagnvart aðgengismálum. Með dyggri hvatningu forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, var markmið Römpum upp Ísland nýlega hækkað úr þúsund í 1.500 rampa á fjórum árum.

Þá er okkur sönn ánægja að kynna nýtt samstarf Sjálfsbjargar, ÖBÍ, HMS og Ferðamálastofu um gott aðgengi að ferðamannastöðum. Samstarfið snýst um bætt aðgengi og upplýsingagjöf til ferðafólks, ásamt fræðslu um hvernig best er að taka á móti fötluðu fólki og öðrum viðskiptavinum með sértækar þarfir.

Einnig er fjallað um mikilvæga þróun innan sveitarfélaganna, en yfir 90% þeirra eru nú komin með sérstakan aðgengisfulltrúa. Guðjón Sigurðsson, verkefnisstjóri hjá ÖBÍ, segir okkur nánar frá verkefninu. Þar að auki fjöllum við um árlegan aðgengisdag Sjálfsbjargar, sem var haldinn í fyrsta skipti í ágúst, og ræðum við fötlunaraktivistann Megan Lee Smith um áhugavert doktorsnám hennar í HÍ.

Þá færir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, okkur ánægjulegar fréttir af Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem hefur velkst um í stjórnkerfinu til fjölda ára. Nú virðist vera að birta til og gert er ráð fyrir að samningurinn verði lögfestur á næsta þingári. Þessu fögnum við hjá Sjálfsbjörg, þar sem lögfestingin mun stórbæta réttarstöðu fatlaðs fólks.

Við í Sjálfsbjörg óskum ykkur gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári. Megi það verða okkur öllum gott.

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

formaður Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra

20 Gott aðgengi í ferðaþjónustu

Sjálfsbjörg, ÖBÍ, HMS og Ferðamálastofa taka höndum saman um bætt aðgengi í ferðaþjónustu.

24 Baráttumál Sjálfsbjargar

Aðgengi, menntun, húsnæðis- og kjaramál. Margrét Lilja fer yfir helstu baráttumál Sjálfsbjargar.

26 Aðgengisfulltrúar um land allt

Yfir 90% allra sveitarfélaga á Íslandi eru nú komin með sérstakan aðgengisfulltrúa.

30 Lögfesting á næsta þingári

Ríkisstjórnin stefnir á lögfestingu Samnings Sp á næsta þingári. Viðtal við Guðmund Inga Guðbrandsson.

34 Rannsóknir og aktivismi

Megan Lee Smith segir okkur frá spennandi ferli sínum og doktorsnáminu í fötlunarfræði.

36 Aðgengisdagur Sjálfsbjargar

Árlegur aðgengisdagur Sjálfsbjargar var haldinn í fyrsta skipti um land allt í ágúst 2022.

38 Starfsemi Sjálfsbjargar

Upplýsingar um starfsemi Sjálfsbjargar, Sjálfsbjargarheimilisins og Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar.

Fréttir

Alþjóðadagur fatlaðs fólks

Alþjóðadagur fatlaðs fólks var haldinn hátíðlegur þann 3. desember 2022 og í tilefni þess voru allir samfélagsmiðlar Sjálfsbjargar sveiptir fjólubláum ein-kennislit dagsins. Alþjóðadagurinn miðar að því að vekja athygli á réttindum fatlaðs fólks og tryggja fulla þátttöku þess á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra. Það er ánægjulegt frá því að segja að verkefnið Gott aðgengi, sem miðar að því að bæta aðgengi og upplýsingagjöf í ferðaþjónustu, hlaut Hvatningarverðlaun ÖBÍ í ár. Einnig var Harpa Cilia Ingólfssdóttir, sem sér um aðgengisnámskeið Sjálfsbjargar, tilnefnd til verðlaunanna. Eliza Reid forsetafrú afhenti verðlaunin og veitti Áslaug Briem, verkefnastjóri hjá Ferðamálastofu, þeim viðtöku.

Áramótahappdrætti Sjálfsbjargar

Dregið verður í áramótahappdrætti Sjálfsbjargar 2022 þann 31. desember. Happdrættið er ein helsta fjáröflunarleið samtakanna. Meðal vinninga í ár er rafknúin Renault Megane E-Tech bifreið frá BL að verðmæti 5,4 milljónir, tveir hálftrar milljón króna ferðavinningar frá Icelandair, og vöruúttektir frá Samsungsetrinu, 66 Norður og Eirbergi. Miðaverð er 3.590 krónur og er heildarverðmæti vinninga yfir 25 milljónir. Allir vinningar eru skattfrjálsir.

Norræn ráðstefna í maí

Ísland fer með formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar 2023. Meðal viðburða verður árleg ráðstefna Nordic Network on Disability Research um fötlunarrannsóknir, NNDR 2023.



Ferðamálastofa hlaut hvatningarverðlaun ÖBÍ 2022 fyrir verkefnið Gott aðgengi. Frá vinstri: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, sérfræðingur hjá HMS, Áslaug Briem, verkefnastjóri hjá Ferðamálastofu, og Eliza Reid forsetafrú.

Mynd:
ÖBÍ-Silja

Sjálfsbjörg mun taka virkan þátt í dagskrá ráðstefnunnar, sem fer fram á Hótel Reykjavík Grand og Hilton Reykjavík Nordica 10.-12. maí næstkomandi. Nánari upplýsingar: www.ndr2023.is

Styrkir Hjálparliðasjóðs

Sjálfsbjörg minnr félaga sína á möguleikann á því að sækja um styrki úr Hjálparliðasjóði. Markmið sjóðsins er að gera hreyfihömluðum kleift að ferðast, innanlands sem utan, með styrkjum sem nýta má til greiðslu kostnaðar vegna aðstoðarfólks á ferðalaginu. Styrkirnir eru veittir einu sinni á ári og er umsóknarfrestur til 1. apríl ár hvert. Umsóknir skal senda á info@sjalfsbjorg.is.

Nýr vefur um algilda hönnun

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun setti nýlega í loftið nýjan og áhugaverðan vef um algilda hönnun og aðgengi. Á vefnum er að finna allar upplýsingar um

skilgreiningar á algildri hönnun og aðgengi fyrir alla, ítarlegt fræðsluefni um aðgengi, bæði innandyrna og utan, og öll helstu skjöl sem varða lagaumhverfið og réttindi fatlaðs fólks. Þar má nefna stjórnarskrána, lög um málefni fólks með fötlun, skipulags- og byggingarreglugerðir, lög um upplýsingar, lög um samgöngur og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sjá nánar á www.hms.is.

Sjálfsbjörg þakkar samstarfið

Við hjá Sjálfsbjörg, landsambandi hreyfihamlaðra, viljum þakka okkar fjölmörgu samstarfs- og styrktaraðilum fyrir ánægjulega samvinnu á árinu. Það er von okkar að gróskan í réttindabaráttu fatlaðs fólks haldi áfram af fullum krafti á nýju ári 2023.

Takk fyrir stuðninginn!

A. Margeirsson ehf
Akraneskaupstaður
Akureyrarkirkja
Ágluggar JG ehf
Apótek Vesturlands ehf
Arkís arkitektar ehf
Arkitektastofan OG ehf
ASK arkitektar ehf
Atlantik ehf
Atorka ehf - verktakar og vélaleiga
Bella Donna ehf - verslun
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílar og vélar ehf
Bílver bílaverkstæði ehf
Body Shop
Bókasafn Vestmannaeyja
Bókhaldsþjónustan Vík
Bókráð bókhald og ráðgjöf ehf
Bolungarvíkurkaupstaður
Brim hf
Brúskur hárstofa ehf
BSI bifreiðaverkstæði ehf
BSRB
Café Mika Reykholti
Dacoda ehf
Dalvíkurbyggð
Darri ehf
DAS Hrafnista
dk hugbúnaður ehf
Dverghamrar ehf
E.G. Jónasson ehf
Edico
Efling stéttarfélag
Eining - lðja
Eldhestar ehf
Endurhæfingarstöðin ehf
Endurskoðun Vestfjarða ehf
ENNEMM - auglýsingastofa
Eyjafjarðarsveit
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Félag skipstjórnarmanna
Fiskverkunin Valafell
Fjarðaprif ehf
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra
Flúgger ehf
Framsóknarfélag Árnessýslu
Gaflarar ehf rafverktakar
Geir ehf

Landsfundur Sjálfsbjargar 2023

Næsti landsfundur Sjálfsbjargar, landssambands hreyfi-hamlaðra, verður haldinn laugardaginn 29. apríl 2023 á Hótel Reykjavík Grand, Sigtúni 28, 105 Reykjavík.

Meðal dagskráratriða eru skýrsla stjórnar um starfsemi Sjálfsbjargar, umræða um endurskoðaðan ársreikning, fjárhagsáætlun til tveggja ára, ákvörðun um árgjald, lagabreytingar og ályktanir um helstu stefnu- og baráttumál.

Kosið verður í embætti varaformanns, ritara og varamanns í stjórn Sjálfsbjargar. Einnig verða kosnir þrír fulltrúar í kjörnefnd, tveir fulltrúar í laganefnd og einn fulltrúi í stjórn Hjálparliðasjóðs Sjálfsbjargar.

4. MARS 2023

Frestur til skila á tillögum er varða fjárhags- og skipulagsbreytingar

1. APRÍL 2023

Frestur til skila á þeim málum og tillögum sem aðildarfélög óska eftir að verði tekin fyrir á fundinum. Tillögurnar birtar á vef Sjálfsbjargar

Álit, ályktanir og tillögur stjórnar til laga-breytinga birtar á vef Sjálfsbjargar

Tillögur að fjárhags- og skipulagsbreytingum birtar á vef Sjálfsbjargar ásamt umsögn stjórnar

15. APRÍL 2023

Frestur til að tilkynna um framboð

29. APRÍL 2023

Landsfundur Sjálfsbjargar 2023



Mynd: Golli - Kjartan Þorbjörnsson

Aðdáunarverð áhrif eins manns á aðgengi

Haraldur Þorleifsson. Nafnið hefur verið á allra vörum frá því að hann seldi Twitter starfsemi hönnunarfyrirtækisins Ueno. Vöxtur fyrirtækisins hafði verið ævintýrlegur og samkvæmt fjölmiðlum hljóp kaupverðið á milljörðum. Haraldur lagði áherslu á að greiða alla skatta af sölunni hér heima til að launa samfélaginu góðan stuðning. Fullyrða má að enginn einn einstaklingur hafi haft meiri áhrif á aðgengismál á Íslandi.

Stofnaði Ueno í Buenos Aires

Haraldur starfaði sem sjálfstæður hönnuður áður en hann stofnaði Ueno árið 2013. Það tók hann einungis átta ár að byggja fyrirtækið upp áður en Twitter keypti starfsemiina í lok árs 2020. Og í raun var það alls ekki markmiðið að fyrirtækið yrði jafn stórt og úr varð.

„Ég og Margrét konan mín ætluðum að leggja af stað í ferðalög um heiminn þegar við komumst að því að við værum ólétt af dóttur okkar,“ segir Haraldur. „Hún fæddist vorið 2012, og strax þá um haustið héldum við til Tókýó. Við ferðuðumst meira og minna næstu árin, vorum fyrst í Japan, héldum svo til Ríó de Janero og þaðan áfram til Buenos Aires. Þar ákvað ég að stofna Ueno, sem var eitthvað sem ég hafði hugsað um lengi.“

En hvernig fer maður frá því að vera einyrki í hönnun yfir í að byggja upp fyrirtæki sem vinnur fyrir einhver stærstu viðskiptaveldi heims, eins og Apple, Google og Facebook?

Haraldur segist hafa starfað fyrir mörg fyrirtækjanna í lausamennsku, oftast sem undirverktaki hjá öðrum, en að stærð verkefnanna hafi breyst mikið með tilkomu Ueno. Þegar mest var störfuðu um 120 manns hjá Ueno, flestir í New York og San Francisco.

„Eins og í öllu sem maður tekur sér fyrir hendur held ég að það snúist um að taka bara einn dag í einu,“ útskýrir hann. „Með því að halda alltaf áfram kemst maður á endanum mun lengra en maður hefði getað ímyndað sér í byrjun.“

Það kemur kannski á óvart að Haraldur á fyrirtækið Ueno ennþá, þrátt fyrir að Twitter hafi tekið yfir starfsemiina. Sjálfur réði hann sig til Twitter til fjögurra ára og þar að auki fór starfsfólk Ueno inn í mismunandi deildir samfélagsmiðilsins. Þrátt fyrir að hafa skotið föstum skotum að Elon Musk í aðdraganda yfirtökunnar á Twitter nýverið var Haraldur ekki meðal þeirra fjölmörgu sem sagt var upp störfum þegar Musk settist við stjórnvölinn.

Opinn og einlægur karakter

Haraldur hefur vakið athygli fyrir einlæg og opinska viðtöl í fjölmiðlum og mjög persónulegar færslur á samfélagsmiðlum. Þar hefur hann tjáð sig um sorgina vegna ótímabærs andláts móður sinnar, Önnu Jónu, sem lést í bílslysi þegar Haraldur var einungis ellefu ára, baráttuna við alkóhólismann í upphafi hönnunarferilsins og ýmsar ljúfsárar hugleiðingar sínar um lífið, tilveruna og dauðann.

Aðgengi er alls ekki eina mannréttindamálið sem Haraldur hefur látið sig varða. Hann

„Þegar maður hefur vanist því að vera í aðgengilegu umhverfi gerir maður einfaldlega ráð fyrir að allt sé aðgengilegt. En það er því miður ekki þannig.“

steig inn í viðkvæma umræðu um kynferðisbrotamál þegar hann bauðst til að greiða lögfræðikostnað þolenda sem áttu yfir höfði sér meiðyrðamál vegna frásagna sinna, hann hefur styrkt efnalitlar fjölskyldur til jólahalds, og svo skaut hann skjólshúsi yfir rússnesku femínistana og aðgerðarsinnana í Pussy Riot þegar þær komu hingað til lands fyrir nokkru.

Þá bauð hann Jóni Gunnarssyni dómsmálaráðherra að koma með sér til Grikklands til að skoða aðstöðu flóttamanna eftir að Hussein Hussein, fötluðum einstaklingi í hjólastól, var vísað úr landi í nóvember. Þegar þetta er skrifað hefur ráðherrann ekki enn þekkt boðið.

„Hér þarf maður enn að hringja á undan sér“

Haraldur fæddist 1977 og greindist tveggja ára með meðfæddan vöðvarýrnunarsjúkdóm. Hann segist því hafa verið mikið í alls kyns greiningum þegar hann var yngri og fengið góðan stuðning innan heilbrigðis- og menntakerfisins á Íslandi. Hann nefnir mikla sjúkráþjálfun og lækniástoð sem nýttist honum vel, og þá menntaði hann sig í heimspeki, viðskiptafræði og hagfræði við Háskóla Íslands. Meðal annars þess vegna vildi hann borga alla skatta af sölu Ueno hér á landi.

„Þar fyrir utan var ég á örorkubótum um tíma, fékk styrk frá ríkinu til kaupa á hentugum bíl, og svo fékk ég ókeypis hjólastól í kringum 25 ára aldurinn. Þegar ég tala við fólk í Bandaríkjunum, til dæmis, þá er þetta allt saman frekar óvanlegt.“

Haraldur tók hins vegar fljótt eftir því að aðgengið var mun betra vestanhafs. Bandaríkin eru með metnaðarfulla löggjöf og staðla varðandi aðgengismál, og því var Haraldur vanur að komast allra sinna ferða án þess að þurfa að hugsa sig mikið um.

„Eftir að hafa dvalist í San Francisco fékk ég alltaf ákveðið sjökk á ferðum mínum til Íslands og annarra staða. Þegar maður hefur vanist því að vera í aðgengilegu umhverfi gerir maður einfaldlega ráð fyrir að allt sé aðgengilegt. En það er því miður ekki þannig. Hér á Íslandi þarf maður enn að hringja á undan sér til að tékka á aðgenginu.“

Öflugt fólk og mikil stærðarhagkvæmni

Haraldur tók því frumkvæðið að Römpum upp Reykjavík, sem hafði að markmiði að byggja hundrað rampa í miðborginni. Verkefnið gekk mun hraðar fyrir sig en gert var ráð fyrir, fyrstu hundrað ramparnir voru byggðir á einungis átta mánuðum.

„Það kom hins vegar berlega í ljós að þrátt fyrir að við bættum við hundrað römpum á tiltölulega afmörkuðu svæði, þá var fullt eftir. Þetta var bara dropi í hafið,“ segir hann. Förrinni var því haldið áfram með Römpum upp Ísland, og í þetta sinn var markið sett á þúsund rampa til viðbótar á fjórum árum. Þeir eru nú þegar orðnir fleiri en þrjú hundruð og markmiðið hefur verið hækkað í 1.500 rampa.

„Ég hitti reglulega fólk sem notar hjólastól sem segir mér að það hafi farið niður Laugavegin í fyrsta skipti í langan tíma,“ segir Haraldur. „Ég hef líka rætt við eigendur verslana og veitingastaða í miðborginni sem segja að viðskipti fatlaðs fólks hafi aukist. Að þeirra sögn kemur mun fleira fólk sem notar hjólastól, fólk sem oftast nær kemur ásamt fjölskyldu sinni, vinum eða aðstoðarfólki.“

Það sem kannski hefur komið mest á óvart við rampaverkefnið er hversu auðvelt það hefur virst að gera þær breytingar sem til þarf. Að sögn Haraldar má þakka það þeim öflugum hópi sem kemur að verkefninu, stærðarhagkvæmni og almennum velvilja.



Mynd: Golli - Kjartan Þorbjörnsson

„Við erum komin með stóran hóp af vonu fólki og þá verður þetta allt miklu ódýrara og einfaldara. Við getum byggt einfaldan ramp á um 100 þúsund krónur, en ef þú sem verslunareigandi þarft að fá öll leyfi, finna verktaka og fá teikningar, þá er mun flóknara og dýrara ferli að gera einn ramp í einu.“

Mikill velvilji um allt land

„Við leggjum upp með að það eigi ekki að vera neinar afsakanir,“ heldur Haraldur áfram. „Við sjáum um allt verkefnið frá A-Ö, hönnum rampinn, sækjum um öll leyfi, sköffum efnið og byggjum, algjörlega án kostnaðar fyrir eigendur staðanna. Við höfum unnið mikið og vel með Reykjavíkurborg, meðal annars að leyfisveitingum, og nú með sveitarfélögum um land allt. Við mætum alls staðar miklum velvilja og áhuga á því að gera hlutina vel.“

Einu vandkvæðin í baráttunni fyrir bættu aðgengi sem Haraldur minnst á tengjast höfundarrétti arkitekta á verkum sínum, sem í sumum tilvikum er í höndum erfingja þeirra.

„Það eru hús hér á landi sem voru teiknuð af vel meinandi arkitektum sem vissu ekki betur á sínum tíma, og við höfum séð dæmi þess að arkitektarnir sjálfir eða afkomendur þeirra setji sig upp á móti úrbótum á aðgengi. Áð mínu mati ætti það ekki að vera leyfilegt,“ segir Haraldur. Hann tekur fram að samstarfið við arkitektana hafi að öðru leyti verið farsælt og ánægjulegt.

Kjölfestan verður á Kjalarnesi

Haraldur er með mörg áhugaverð verkefni á þrjónunum. Undirbúningur fyrir opnun kaffihússins Önnu Jónu við Tryggvagötu er í fullum gangi og svo er hann að vinna að fyrstu sólóplötunni sinni, The Radio Won't Let Me Sleep, undir listamannsnafninu Önnu Jónu Son. Fyrir stuttu rættist áratugagamall draumur Haraldar þegar hann opnaði Iceland Airwaves með tónleikum í Kólportinu.

Auk kaffihússins eru Haraldur og eiginkona hans, listakonan Margrét Rut Eddudóttir, að byggja gestastofu fyrir listafólk á fallegri sjávarlóð á Kjalarnesi. Þar mun listafólkið geta dvalið um sinn og sinnt list sinni, hvort sem það er tónlist eða myndlist. Grunnhönnun verkefnisins var í höndum stjörnuarkitektanna hjá Snöhetta í Noregi en síðan tóku Alda Ly Architecture í New York við keflinu og sáu um alla útlitshönnun. Haraldur reiknar með að fyrsti fasi verkefnisins verði tilbúinn 2024 og að gestastofan opni 2026.

„Við fundum þessa fallegu sjávarlóð á Kjalarnesi, þar sem maður horfir yfir borgina og Esjuna. Staðurinn er einstaklega friðsæll en samt er stutt í borgarlífið. Hér ætlum við að byggja hús fyrir okkur fjölskylduna, vinnuástöðu, hljóðver og sal fyrir listsýningar og tónleikahald, ásamt aðstöðu fyrir fólk sem kemur að vinna á staðnum. Við vonum að þar geti íslenskir og erlendir listamenn hist og unnið saman að spennandi verkefnum,“ segir Haraldur.



Mynd: Römpum upp Reykjavík

Eins og gera má ráð fyrir verður aðgengið að bæði gestastofu og kaffihúsi í góðu lagi. Í kaffihúsinu er til dæmis lítill bíó- og tónleikasalur sem verður niðurgrafinn og útbúinn römpum til að tryggja gott aðgengi. Þá mun fólk í hjólastól getað pantað sér mat og drykk í augnhæð við afgreiðslufólkið á barnum.

„Þegar hlutirnir eru gerðir rétt frá grunni, þá er þetta mjög einfalt. Það er enn verið að byggja hús þar sem aðgengi er ábótavant, jafnvel þótt byggingarreglugerðin sé alveg skýr. Það eru gefnir alls konar afslættir af aðgengi og það gerir allar framtíðarúrbætur erfiðari og dýrari. Vonandi getum við saman passað upp á að það gerist ekki áfram.“



Takk fyrir stuðninginn!

Gesthús Selfossi - gistihús og tjaldsvæði
Gjögur hf
GLÁMA-KÍM Arkitektar
Gleipnir verktakar
Grímsnes- og Grafningshreppur
Gróðrarstöðin Sólskógar ehf
Gróðurstöðin í Moshlíð
Grýtubakkahreppur
Guðmundur Arason ehf smíðajárn
Guðmundur S. Borgarsson ehf
Gúmmisteypa P. Lárusson ehf
H&S Rafverktakar ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Hagi ehf - Hilti
Hagkaup
Heildverslunin Glit ehf
Hestvit ehf
Heydalur - ferðapjónusta
HH Trésmiðja ehf
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hlíð hf
Hofssókn
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Örk
Hreinsitækni ehf
Húnabyggð
Hvalfjarðarsveit
Hvalur hf
Hvammshólar ehf
Höfði fasteignasala
Hörgársveit
Íþróttafélag fatlaðra, Reykjavík
Járnkarlinn ehf
Kanon Arkitektar ehf
Kaupfélag Skagfirðinga
Kemi ehf
Kjölur stéttarfélag
Kjöreign ehf - Fasteignasala
Kjörís ehf
Klausturkaffi ehf
Krókur
KP Verktakar ehf
Kvenfélag Reykdæla
Kökugerð HP ehf
Landmótun sf
Landsnet hf
Launafl ehf
Loftorka Reykjavík ehf
MHG verslun ehf

„Það er enn verið að byggja hús þar sem aðgengi er ábótavant, jafnvel þótt byggingarreglugerðin sé alveg skýr.“

Forsetinn segir 1.500 rampar – þá verða það 1.500 rampar

Það er ótrúlegt til þess að hugsa að einungis eru tæp tvö ár síðan Römpum upp Reykjavík var hleypt af stokkunum í lðnó. Verkefnið gekk vonum frammar og voru hundrað rampar byggðir í miðborginni á örskömmum tíma. Mörgum fannst metnaðarfullt að stefna á þúsund rampa til viðbótar á fjórum árum, en það virðist ekkert geta stöðvað hópinn að bakí hinu magnaða átaki Römpum upp Ísland. Nú er stefnan tekin á 1.500 rampa.

„Þúsund, er það nóg?“

Þetta nýja markmið var kynnt á skemmtilegri vígslu þriðjundradasta rampsins af þeim þúsund sem Römpum upp Ísland ætlaði að byggja. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, stoppaði Harald Þorleifsson af í ræðu hins síðarnefnda og kvartaði yfir því að þúsund rampar væri alls ekki nóg. Hann greip svo spreibrúsa og breytti tölunni á borða fyrir aftan Harald úr þúsund í 1.500. Svo virðist sem Haraldur hafi verið nokkuð sammála Guðna, sem er verndari verkefna, og féllst hann því fljótt á tillöguna. Hann tók þó fram að verkefnin snerust alls ekki um að telja rampa – aðalatriðið væri að fólk gæti komist á staðinn og fengið að taka þátt í lífinu. Forsetinn sagði Harald hafa lyft grettistaki í aðgengismálum.

„Við njótum þess öll, hygg ég, að fara út og vera meðal fólks. Fara í bíó, leikhús, á kaffihús, á íþróttaviðburði, að hittast. En sum okkar þurfa að hugsa sig um. Þau þurfa að hafa vaðið fyrir neðan sig. Hvernig er aðgengið? Kemst ég á staðinn? Þarf ég aðstoð? Verður þetta vesen? Þarf ég kannski frá að hverfa? Það er enn svo að við þurfum að huga að því að fólk komist leiðar sinnar, við öll í þessu samfélagi,“ sagði Guðni forseti.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra minntist á það í ræðu sinni hversu ótrúlega hratt verkefnið hefur gengið fyrir sig frá því að Römpum upp Reykjavík hófst formlega í lðnó í mars 2021. Römpum upp Íslandi var síðan hleypt af stokkunum í Hveragerði ári síðar.

„Nú erum við komin hingað, langt á undan áætlun,“ sagði Katrín á vígslunni, sem fór fram í Mjóddinni í Reykjavík. „Verkefnið snýst meðal annars um að vekja athygli okkar allra á því að það eru alls konar hindranir í samfélaginu okkar, bæði áþreifanlegar og óáþreifanlegar. Það skiptir miklu máli að við gerum öll okkar besta til að eyða þessum hindrunum þannig að við getum öll tekið þátt á okkar forsendum. Þess vegna er þetta svona fráþætt verkefni.“

Sjálfsbjörg og ÖBÍ meðal stofnaðila

Helstu styrktaraðilar verkefnisins eru Haraldur Þorleifsson og Ueno, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, Stjórnarráðið, Reykjavíkurborg og BM Vallá, ásamt Össuri og fjárfestunum Davíð Helgasyni og Reyni Grétarssyni. Þá eru Sjálfsbjörg og ÖBÍ stoltir stofnaðilar, og einnig kemur fjöldi fyrirtækja og einstaklinga að verkinu.

„Sjálfsbjörg leggur til fjármagn, en við komum líka inn með sérþekkingu okkar á aðgengismálum. Við höfum tekið út aðgengi á stöðum sem óska eftir römpum og jafnframt komið með tillögur að ráðstöfunum sem myndu bæta aðgengið enn frekar,“ segir Ósk Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar og varaformaður stjórnar Römpum upp Ísland. Hún lýsir Haraldi sem sameiningartákni. „Hann hefur fengið forsetann, ríkið, borgina, sveitarfélögin, félagasamtök,



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og verndari Römpum upp Ísland, mundar spreibrúsann. 1.500 rampar á fjórum árum.

Mynd: Römpum upp Ísland

fyrirtæki og einstaklinga til liðs við okkur. Það hefur engum tekist áður. Haraldi tekst þetta af því að hann hugsar út fyrir boxið."

„Stórkostleg breyting á aðgengismálum“

Reykjavíkurborg og ríkið hafa styrkt framtakið duglega. Fyrir nokkru var tilkynnt um 200 milljóna króna framlag ríkisins til verkefnisins á fjórum árum. Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra sagði á málstofu um aðgengi að ferðamannastöðum í lok október að það væri mikill heiður að taka þátt í verkefninu með hugsjónamanninum Haraldi.

„Römpum upp Ísland er ekki aðeins merkilegt fyrir það að í því felst stórkostleg breyting á aðgengismálum fatlaðs fólks um allt land, heldur er það sérlega ánægjulegt og virðingarvert að einstaklingur leggi svo mikið af orku sinni og fjármunum í verkefni af þessu tagi. Það er til eftirbreytni," sagði ráðherrann. Hann bætti við að rödd Haraldar sprytti þó ekki upp úr neinu tómarúmi, heldur hefðu öflug samtök á borð við ÖBÍ og Sjálfsbjörg barist af miklu afli fyrir umbótum í aðgengismálum um langt árabil.

Mögnuð fyrirmynd

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur þessa sögu að segja af upphafi verkefnisins.

„Upphaf þess að Römpum upp Reykjavík varð til var að Haraldur sendi mér bréf. Það lét lítið yfir sér en var einkennilegt. Þarna var einhver maður sem vildi setja peninga með borginni í að búa til sjóð sem átti að gera stórkostlega hluti. Mér fannst upphæðirnar lágar miðað við verkefnið sem framundan var," segir Dagur.

Hann segir verkefnið flóknara en margan grunar, þar sem ábyrgðin dreifist á bæði opinbera aðila og þúsundir einkaaðila um land allt. En eins og alþjóð veit hefur bréfið og frumkvæði Haraldar haft viðtæk áhrif.

„Þarna var komið þetta ytra afl, þessi kraftur, þrýstingur og fyrirmynd, sem reyndist miklu magnaðri en ég hefði nokkurn tíma gert mér grein fyrir.“



Systurnar Arnheiður og Árdís vígðu sextugasta rampinn í byrjun júlí. Þorleifur Gunnlaugsson er lengst til hægri á myndinni.

Mynd: Römpum upp Ísland

Öflugur hópur að baki árangrinum

Það þarf ekki að ræða lengi við Harald sjálfan áður en hann þakkar árangurinn þeim öflugra hópi sem að verkinu kemur. Þar gegnir lykilhlutverki faðir Haraldar, Þorleifur Gunnlaugsson, en hann er stjórnarformaður Römpum upp Ísland. Að auki sér hann um samskipti við sveitarfélög landsins og eigendur fasteigna og hefur yfirumsjón með öllum framkvæmdum. Allt saman án þess að þiggja laun frá verkefninu. Þegar við ræddum við Þorleif var hann einmitt að skoða staði sem hægt væri að rampa upp á Kjalarnesi.

„Það fannst mörgum ansi bjart þegar Haraldur Ingi sagði að við ætluðum að gera hundrað rampa á einu ári,“ segir Þorleifur, en verkefnið var klárað bæði á undan áætlun og undir kostnaðaráætlun. „Það gekk frábærlega vel af því að margir tóku höndum saman, þar á meðal Reykjavíkurborg, sem var mjög liðleg og í mikilli samvinnu við okkur. En ég verð nú samt að viðurkenna að ég svitnaði ansi duglega þegar Haraldur sagði að þetta hefði nú bara verið prufa – nú tækjum við þúsund rampa.“

Fyrstu ramparnir í Reykjavík voru byggðir með aðstoð verktaka en Römpum upp Ísland hefur nú ráðið til sín öflugan hóp starfsfólks og keypt þau tæki og tól sem nauðsynleg eru til framkvæmdanna. Það er þessi hópur sem metur aðstæður á hverjum stað, velur verkefni, teiknar rampana, mætir á staðinn með allt efni og framkvæmir. Eftir hnökralaust

samstarf við Reykjavíkurborg snerust vanga-veltur Þorleifs um rampana þúsund einna helst um hvort búast mætti við því sama á landsbyggðinni.

„Það hefur gengið vonum framár. Samskiptin hafa alls ekki verið síðri en við borgina og það er alls staðar tekið vel á móti okkur. Við mætum miklum skilningi, velvild og þakklæti,“ segir Þorleifur. „Við viljum bæta aðgengið þar sem flest fatlað fólk er á ferðinni. Við erum því í nánnum samskiptum við sveitarfélögin og einingar innan þeirra til að finna út hvar þörfin er mest. Og það er nú einfaldlega þannig að fatlað fólk sækir sömu staði og aðrir, þannig að þar sem flestir eru, þar er fatlað fólk.“

Fyrsti rampurinn vígður við Kokku

Fyrsti rampurinn í Römpum upp Reykjavík var vígður við verslunina Kokku á Laugavegi. Áður en Kokka var stækkuð 2019 var þrep inn í verslunina og erfitt að bæta aðgengi.

„Við notuðumst við sliskjur sem við settum út, en við áttum í vandræðum með að bæta aðgengið til frambúðar. Það var lítið pláss vegna skáskotinna bílastæða fyrir fram- an húsið og svo voru stéttirnar fyrir utan á borgarlandi, og því ekki bara hægt að grafa þær upp að eigin frumkvæði,“ segir Guðrún Jóhannesdóttir, eigandi Kokku, sem einnig hefur verið í forsvari fyrir Miðborgina okkar. Hún segist því hafa stökkið á tækifærið um leið og hún heyrði af Römpum upp Reykjavík.

„Það er alls staðar tekið vel á móti okkur. Við mætum miklum skilningi, velvild og þakklæti.“

„Það er mun auðveldara að komast inn í verslunina eftir að hún var stækkuð en það var enn sjö sentimetra hátt þrep við nýja innganginn. Aðgengið var því ekki jafn gott og við vonuðumst til,“ útskýrir Guðrún. „Þetta var upplagt tilraunaverkefni, rampurinn var ekki of flókinn og við gátum notað hinn innganginn á meðan á framkvæmdum stóð. Verkið gekk ótrúlega hratt og vel fyrir sig og hefur gert gæfumuninn, ekki bara fyrir fólk í hjólastól heldur líka eldri borgara og foreldra með barnavagna. Næsta skref er opnun kaffihúss á næsta ári, en þar verður bæði lyfta og salerni með hjólastólaaðgengi.“

„Það sem gleður mitt hjarta er hugarfarið“
Verkefni eru jafn fjölbreytt og þau eru mörg. Römpum upp Ísland er til dæmis í viðræðum um að gera eina bensínstöð Orkunnar aðgengilega að öllu leyti, en þótt ótrúlegt megi virðast yrði hún sú fyrsta á landinu. Þá eru í gangi viðræður við Reykjanesbæ um hvernig tryggja má aðgengi að rafhleðslustöðvum. Ánægjulegustu verkefni í huga Þorleifs eru þeir rampar sem opna heiminn fyrir ungu fólki.

„Ég hef mjög mikla samhygð með ungu fötluðu fólki sem er að byrja að fara út á lífið og hitta vinina á kaffihúsum, börum og veitingahúsum. Það byrjar oft þannig að vinirnir reyna að hjálpa til og burðast inn með hjólastólinn, en oft hættir þetta unga fólk að fara út. Það er of mikið vesen, of áberandi og gerir vinunum of mikinn óleik. Og þá byrjar einangrunin. Við höfum lagt gríðarlega mikla áherslu á að gera þessa staði aðgengilega og vinna þannig gegn félagslegri einangrun sem er svo algeng meðal hreyfihamlaðs fólks, og sem er til mikils skaða fyrir einstaklinginn og samfélagið allt.“

Og eins og gefur að skilja er Þorleifur stoltur af árangrinum og frumkvæði sonarins.

„Það sem gleður mitt hjarta umfram allt, það er hugarfarið. Það snýst ekki um hversu mikla peninga þú átt heldur um viljann til að láta gott af sér leiða í samfélaginu. Að hann skuli hafa tileinkað sér það hugarfar og sýni það í verki, það er það sem ég er stoltastur af,“ segir Þorleifur.

ÁRAMÓTAHAPPDRÆTTI SJÁLFSBJÖRGAR 2022



DREGIÐ 31. DESEMBER 2022
ÞINN STUÐNINGUR SKIPTIR MIKLU MÁLI!


Sjálfsbjörg
landssamband
hreyfihamlaðra



Nýr formaður Sjálfsbjargar sér ótal tækifæri í réttinda-baráttu fatlaðs fólks

Hún kom fyrst fyrir sjónir landsmanna í umfjöllun fjölmiðla um ungan háskólanema í hjólastól sem læstist inni í skólabyggingu í Háskóla Íslands. Síðan þá hefur **Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir** barist ötullega fyrir réttindum fatlaðra, ekki síst hvað varðar tækifæri til menntunar. Hún var kosin formaður Sjálfsbjargar í apríl 2022.

„Halló, heyrir einhver í mér?“

Upplifunin af háskólanáminu markaði upphafið að þátttöku Margrétar Lilju í réttinda-baráttu fatlaðs fólks. Þegar hún læstist inni var hún nýbyrjuð að nota hjólastól eftir að hafa greinst með Ehlers-Danlos heilkennið í Bretlandi, þar sem hún dvaldi sem au-pair hjá bresk-íslenskrum fjölskyldu.

Sökum takmarkaðs aðgengis að Eirbergi, einni af skólabyggingum HÍ, þurfti hún að nýta sér þjónustuinngang til að sækja námið í lífeindafræði, inngang sem annars var hugsaður til sorphirðu og vörumóttöku. Að auki þurfti hún að sætta sig við að sitja úti í horni þegar kennslan fór fram, án allrar vinnuáðstöðu og langt frá öðrum nemendum.

„Þarna upplifði ég í fyrsta skipti að vera ekki hluti af hópnun og vera alltaf útundan, sem er mjög óþægileg tilfinning,“ segir Margrét Lilja, en hún var enn á hækjum þegar hún hóf námið. „Það fyrsta sem blasti við mér voru tröppurnar inn í bygginguna. Fyrsti tíminn minn í Háskólanum var á þriðju hæð í lyftulasu húsi, þrátt fyrir að ég hefði látið vita að ég væri að koma. Ég man í raun ekkert eftir fyrsta skóladeginum, því öll orkan fór í þetta.“

Hún gerði ítrekaðar tilraunir til að vekja athygli á aðstæðum og óska eftir úrbótum, og fundaði meðal annars með rektor skólans. Viðleitnin skilaði þó ekki tilætluðum árangri, Margrét var að lokum tilkynnt að hún gæti ekki klárað námið þar sem ekki væri hægt að tryggja aðgengi að kennslu í verklegri efnafræði.

Brennur fyrir breytingum

Margrét Lilja var hins vegar staðráðin í að láta meira í sér heyra. Hún hefur setið í Stúdentaráði og ráði HÍ um réttindi fatlaðs fólks og starfað hjá ÖBÍ, fyrst sem aðgengisfulltrúi og síðar sem umsjónarmaður ungliðahreyfingarinnar. Hún kom fyrst inn í stjórn Sjálfsbjargar árið 2020 og varð varaformaður aðeins ári síðar. Margrét var svo kosin formaður á landsfundi Sjálfsbjargar í apríl 2022, þar sem forveri hennar, Bergur Þorri Benjamínsson, lét af störfum eftir fjögur ár í embætti.

„Stjórnarstarfið vakti strax áhuga minn, því ég sá hvernig við getum breytt samfélaginu og hugsunarhætti fólks. Það fyllti mig eldmóði að fá þetta tækifæri og þennan vettvang.“

Verkefnin frá því Margrét tók við formennsku hafa verið margþætt, en á meðal helstu áhersluatriða eru bætt aðgengi að hjúkrunarheimilum aldraðra og nýtt samstarf Sjálfsbjargar, ÖBÍ, HMS og Ferðamálastofu um aðgengi að ferðamannastöðum. Af-rakstur samstarfsins, verkefnið Gott aðgengi, var kynntur til sögunnar 27. október síðastliðinn.

„Átakið snýst um að ferðaðjónustufyrirtækin fylla út gátlista um aðgengi. Ef þau uppfylla ákveðin skilyrði fá þau að nota merki verkefnisins sem staðfestingu á því að aðgengið sé gott. Við vonum að átakið stuðli að aukinni þekkingu og hvetji fólk til að tryggja aðgengi þessa mikilvæga og stöðugt stækkandi hóps ferðamanna. Og við erum að sjálfsögðu til

„Það er bannað að mismuna á grundvelli kyns og húðlits, en hingað til hefur mismunun á grundvelli fötlunar ekki verið bönnuð“

þjónustu reiðubúin ef fyrirtækin vantar ráðgjöf eða aðstoð við að finna réttu lausnirnar.“

Áhuginn á aðgengi að hjúkrunarheimilum fyrir aldraða byggir einnig á persónulegri reynslu Margrétar, en hún kemst ekki hjálparlaust í heimsókn til langömmu sinnar þar sem aðgengi er ábótavant. Hún tók því frumkvæði að samstarfi við Landssamband eldri borgara, og hefur meðal annars velt upp hvort auka mætti val eldra fólks um þjónustuform, á sama hátt og gert hefur verið með NPA þjónustu við fatlað fólk.

„Ég get ekki ímyndað mér hvernig þetta er fyrir þá íbúa hjúkrunarheimilisins sem eru að einhverju leyti hreyfihamlaðir og nota hjólastól eða göngugrind. Ég legg áherslu á að efla samvinnu við önnur félög til að ná fram breytingum þar sem okkar hópar og hagsmunir skarast.“

Hugarfarið hefur gjörbreyst

En hvernig sér Margrét hlutverk Sjálfsbjargar í umræðunni um réttindi fatlaðs fólks?

„Fræðsla er númer eitt, tvö og þrjú til að við getum upprætt eitthvað af fordómunum, stereótýpunum og aðgerðarleysinu sem hefur einkennt aðgengismálin. Við þurfum að fræða þau sem stjórna landinu, fyrirtæki, stofnanir, staðareigendur og allan almenn-ing. Og það er ekki nóg að það sé bara hreyfihamlað fólk í þeirri fræðslu. Við erum ekki nægilega mörg til að vera alls staðar, alltaf.“

Að sögn Margrétar hefur orðið gríðarleg breyting á hugarfari fólks í þessum efnum og bætir við að þar hafi Römpum upp Reykjavík og Römpum upp Ísland gert gæfumuninn. Hún nefnir menntamálin sem dæmi, gerðar hafi verið miklar úrbætur í aðgengismálum og nú sé unnið að gagngerri endurskoðun á reglum um þjónustu við fatlaða nemendur.

„Áður var hugsunin sú að það væru næstum engir nemendur í hjólastól og því þyrfti ekki að huga að aðgenginu. Nú er hljóðið allt annað. Það er í raun auðvelt að hafa samfélagið fyrir okkur öll, og það er afar ánægjulegt að sjá þann hugsunarhátt smitast út um allt.“

Mikilvægt að vekja ungt fólk til umhugsunar

Margrét er einungis önnur konan sem gegnir embætti formanns Sjálfsbjargar og næstingsti formaðurinn frá upphafi. En hvaða máli skiptir aldurinn?

„Það er mikilvægt að vekja fleira ungt fólk til umhugsunar og hvetja það til að slást í för með okkur,“ svarar Margrét. „Við erum ekkert undanskilin því að vilja mennta okkur og taka þátt í næturlífinu, til dæmis. Við erum með nákvæmlega sömu langanir og drauma og annað fólk. Það er ómetanlegt að fá að vinna með þeim sem hafa barist fyrir réttindum fatlaðs fólks til fjölda ára en geta líka sett fram nýtt sjónarhorn á hlutina.“

Stjórnvöld lögfesti samning Sp

Að lokum þarf ekki að koma á óvart að Margrét Lilja hvetur stjórnvöld eindregið til að lögfesta Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem meðal annars segir fyrir um að allar byggingar sem opnar eru almenningi skuli vera aðgengilegar.

„Það þarf að hafa í huga að almenningur er ekki bara fólk sem labbar, heldur líka fólk sem hoppar, hjólar og rúllar,“ segir Margrét Lilja og bætir við að samningurinn myndi bæta réttarstöðu fatlaðs fólks á allan hátt. „Það er bannað að mismuna á grundvelli kyns og húðlits, en hingað til hefur mismunun á grundvelli fötlunar ekki verið bönnuð. Fyrstu skrefin í þá átt voru tekin með lagasetningu um jafna meðferð á vinnumarkaði fyrr í ár, en með lögfestingu samningsins yrði öll slík mismunun bönnuð. Og að sjálfsögðu ætti hún að vera það, en ekki hvað?“



Metnaðarfullt átak um gott aðgengi að ferðamannastöðum

Gott aðgengi að ferðamannastöðum nýtist öllum, ekki bara hreyfihömluðum, og felur í sér viðskiptatækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu. Þetta er hugsunin að baki nýju samstarfi Sjálfsbjargar, ÖBÍ réttindasamtaka, HMS og Ferðamálastofu. Markmið átaksins er að bæta aðgengi og upplýsingagjöf til ferðafólks og fræða starfsfólk um jákvæða og góða þjónustu við fólk með fötlun eða aðrar sértækar þarfir.

Fræðsla og hvatning til ferðaþjónustunnar
Lengi hefur verið ljóst að aðgengi að ferðamannastöðum er víða ábótavant, en markmið verkefnisins er ekki síður að vekja athygli á því sem vel er gert. Samstarfsaðilarnir fjórir hafa í sameiningu þróað verkfæri sem gerir ferðaþjónustufyrirtækjum og áfangastöðum um land allt kleift að framkvæma ítarlegt sjálfsmat á aðgengi, upplýsingagjöf og fræðslu fyrir starfsfólk. Verkefnið, sem heitir einfaldlega Gott aðgengi, var kynnt á málstofu á Hótel Reykjavík Grand 27. október.

„Á síðustu áratugum hafa ferðalög orðið sífellt stærri hluti af lífsgæðum okkar, og aðgangurinn að þessum lífsgæðum má ekki takmarkast við þá sem eru ófatlaðir,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra í ávarpi sínu á málstofunni. „Það hlýtur að vera keppikefli ferðaþjónustunnar, sem og annarra þjónustuaðila, að allir hafi jafnan aðgang að þjónustunni og þeim undrum sem íslensk náttúra hefur upp á að bjóða.“

Ítarleg úttekt á aðgengi

Úttektin á aðgenginu byggir á ítarlegum spurningalistum um allt frá upplýsingagjöf á heimasíðum, aðkomu, bílastæði og aðgengi að húsnæði og innviðum. Þau fyrirtæki sem uppfylla ákveðin viðmið fá að nýta merki verkefnisins til að vekja athygli á góðu aðgengi. Þrenns konar merki eru í boði sem gefa til kynna gott aðgengi fyrir þrjá hópa: hreyfi-

hamlaða, heyrnarskerta og sjónskerta. Merkin má nota á heimasíðum og í kynningarefni og á þeim áfangastöðum sem um ræðir.

„Fyrirtækin fá fræðslu um aðgengismálin og þar að auki vekjum við athygli þeirra á ýmiss konar umbótum sem hægt er að gera til að bæta aðgengi,“ segir Ósk Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra.

Fyrirtækin verða einnig merkt í gagnagrunni Ferðamálastofu. Þannig munu upplýsingarnar birtast á öllum helstu vefsíðum um ferðalög á Íslandi, þar með talið Visit Iceland, á landshlutavefjum um ferðamál og heimasíðunni ferdalag.is. Allir þeir þjónustuaðilar og áfangastaðir sem uppfylla kröfurnar verða skráðir í Travable.

„Úttektin er byggð þannig upp að við erum með almenn viðmið varðandi aðgengið, sem allir þurfa að uppfylla, og síðan bætast við sérstök viðmið fyrir sjónskerta og blinda annars vegar og heyrnarskerta og heyrnarlauða hins vegar,“ segir Elías Bj. Gíslason, forstöðumaður gæða- og þróunarviðs hjá Ferðamálastofu.

Þátttaka í fyrsta áfanga verkefnisins er í boði fyrir gististaði, veitingastaði, bað- og sundstaði, söfn, sýningarstaði og aðila sem bjóða upp á ráðstefnuaðstöðu.



Mynd: Ferðamálastofa - EYJAFILM - Bjarney Lúðvíksdóttir

Hugmynd úr heimsfaraldri

Elías segir frá því að hugmyndin um að nota sjálfsmat til að meta aðgengi hafi fyrst komið fram í heimsfaraldrinum. „Eitt af því sem við þróuðum þá var sjálfsmatskerfið Hreint og öruggt, sem setti fram viðmið og leiðbeiningar um sótthreinsun og smitvarnir. Um þrjú hundruð fyrirtæki tóku þátt, og upp úr því fórum við að velta fyrir okkur hvort hægt væri að nota sömu aðferðarfræði í sambandi við aðgengismálin.“

Samstarf Ferðamálastofu, Sjálfsbjargar og ÖBÍ er alls ekki nýtt af nálinni að sögn Elíasar. Það hófst fyrir um 15 árum þegar Ferðamálastofa vann að viðmiðum um uppbyggingu ferðamannastaða í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og ÖBÍ. Síðar komu Sjálfsbjörg og ÖBÍ að þróun Vakans, sem er gæða- og umhverfiskerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu. Í þessu nýja verkefni bættist Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í hópinn, en þar starfar Harpa Cilia Ingólfssdóttir, einn helsti sérfræðingur landsins í aðgengismálum.

Gott aðgengi – tækifæri til tekjuauka

Að sögn Margrétar Lilju Aðalsteinsdóttur, formanns Sjálfsbjargar, snýst verkefnið um að vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í bættu aðgengi. Einnig er lögð áhersla á fræðslu og upplýsingagjöf til starfsfólks um aðgengismál og móttöku þeirra viðskiptavina

sem eru með einhvers konar fötlun eða aðrar sértækar þarfir.

„Gott aðgengi gagnast ekki bara hjólastólanotendum, heldur einnig foreldrum með smábörn, heyrnar- og sjónskertum ferðamönnum, og fólki með ofnæmi eða öndunarfærarsjúkdóma, svo nokkur dæmi séu nefnd,“ segir Margrét Lilja. „Þá má ekki gleyma eldri borgurum, sem er hratt vaxandi og í mörgum tilvikum efnaður hópur ferðamanna.“

„Gott aðgengi er mannréttindi og hluti af ábyrgri og sjálfbærri starfsemi fyrirtækja og stofnana. En gott aðgengi er líka vænlegt viðskiptatækifæri“

Samkvæmt greiningardeild Ferðamálastofu er mikill ferðavilji meðal fatlaðra einstaklinga í Evrópu og Bandaríkjunum, sem eru meðal helstu upprunamarkaða íslenskrar ferðaþjónustu. Gera má ráð fyrir að það sama eigi við á Íslandi, þar sem um 15% þjóðarinnar, eða um 56.000 einstaklingar, teljast til fatlaðs fólks.

„Gott aðgengi er mannréttindi og hluti af ábyrgri og sjálfbærri starfsemi fyrirtækja og stofnana,“ segir Jóhann Viðar Ívarsson, greinandi hjá Ferðamálastofu. „En gott aðgengi er líka vænlegt viðskiptatækifæri fyrir áfanga-

„Við þurfum ekkert endilega að vera vesen við getum líka verið verðmæti“ - Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

staði og fyrirtæki í ferðabjónustu. Í ESB búa um 24% fullorðinna við einhvers konar fötlun, eða um 90 milljónir, og í Bandaríkjunum er hlutfallið 26%, sem gerir um 60 milljónir. Samtals er því um að ræða 150 milljónir manns, og fjölmargir í þeim hópi hafa bæði getu og löngun til að ferðast.

Fatlað fólk ferðast þegar það getur

Jóhann bætir við að rannsóknir sýni að 60-70% fatlaðra í Evrópulöndum eins og Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi ferðist 6-7 sinnum á ári, þar af einu sinni til landa utan ESB. Því felist mikil tækifæri í að bæta aðgengi, bæði til að laða að ferðamenn sem hefðu farið annað eða jafnvel fólk sem að öðrum kosti hefði haldið sig heima. Því eins og fram kom í hvatningarorðum Þuríðar Hörpu Sigurðardóttur, formanns ÖBÍ, til

ferðabjónustunnar, þá launar fatlað fólk gott aðgengi með því að koma - og koma aftur.

„Við fatlaða fólkið, við ferðumst. Við ferðumst þegar við getum það. Og við komum aftur og aftur á staði þar sem við upplifum okkur örugg og velkomin. Einfaldlega af því að það er gott að koma þangað sem manni líður vel. Þar sem vel er tekið á móti manni og þar sem einhver hefur lagt sig fram um að bæta aðgengið.“

Allar nánari upplýsingar um verkefnið og sjálfsmatsverkfærið sem notað er til úttekta-
arinnar á aðgengismálum fyrirtækjanna er að finna á heimasíðu Ferðamálastofu:
www.ferdamalastofa.is



Mynd: Ferðamálastofa - EYJAFILM - Bjarney Lúðvíksdóttir



Starfsfólk Pant þakkar öllum sem að akstursþjónustunni koma fyrir frábært samstarf á liðnu ári.

Við minnum á **pant.is** sem er vefur akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra í Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi.

Þar er að finna allar helstu upplýsingar um akstursþjónustuna og hægt að panta stakar eða reglulegar ferðir.



Baráttumál Sjálfsbjargar

Aðgengismál, menntun og kjaramál hafa verið meðal helstu áhersluatriða Sjálfsbjargar á árinu. Meðal verkefna eru námskeið fyrir aðgengisfulltrúa sveitarfélaganna, samstarf um bætt aðgengi og upplýsingagjöf í ferðabjónustu og herferð um aðgengi að viðburðum, menntun og atvinnu.



Tíminn frá því að ég tók við embætti formanns Sjálfsbjargar hefur verið ánægjulegur og viðburðaríkur. Við höfum unnið ötullega að bættu aðgengi um allt í samfélaginu, meðal annars í ferðabjónustu, og þannig stuðlað að vitundarvakningu meðal almennings varðandi aðgengismál og veruleika fatlaðs fólks.

Þá hrintum við af stað vel heppnaðri herferð um mikilvægi þess að byggja samfélag þar sem fólk getur óhindrað farið ferða sinna, sótt sér menntun, sinnt tómstundum og tekið þátt í hvers kyns tímamótum fjölskyldu og vina. Herferðin sýnir boðskort á ýmiss konar viðburði, eins og barnaafmæli og brúðkaup, keramiknámskeið og atvinnuviðtöl, þar sem öllum er boðið – nema fötludum. Herferðin vakti mikla athygli og vekur vonandi sem flesta til meðvitundar um mikilvægi góðs aðgengis að viðburðum, menntun og vinnustöðum.

Að vanda ályktaði Landsfundur Sjálfsbjargar um nokkur helstu baráttumál samtakanna. Fund-

urinn lagði áherslu á aðgengi að húsnæði og námi og skoraði á ríki og sveitarfélög að tryggja hreyfihömluðu fólki val um eigin búsetu – hvar og með hverjum það býr – til jafns við aðra. Þannig verði enginn þvingaður í búsetuform eða úrræði gegn eigin óskum eða þörfum. Við vekjum einnig athygli á mikilvægi þess að koma í veg fyrir að hreyfihamlað fólk þurfi að skuldsetja sig umfram aðra til að aðlaga húsnæði sitt að eigin þörfum.

Landsfundurinn hvatti ríki og sveitarfélög til að tryggja að hreyfihamlað fólk geti valið sér framhaldsnám með því að skapa aðgengilegt, öruggt og eflandi námsumhverfi þar sem komið er á mótis við þarfir einstaklingsins, meðal annars með fjölbreyttum og sveigjanlegum möguleikum á fjarnámi.


Þá skoraði fundurinn á ríkið og Sjúkratryggingar Íslands að tryggja hreyfihömluðum viðeigandi hjálpartæki til frístunda og íþróttar, sem er mikilvægt lýðheilsุมál.

Kjaramálin eru áfram meðal helstu baráttumála Sjálfsbjargar. Samkvæmt lögum eiga upphæðir almannatrygginga að taka mið af launapróun, en þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Þrátt fyrir þetta hafa tekjur öryrkja dregist aftur úr almennri launapróun í samfélaginu. Því skoraði landsfundurinn á ríkisvaldið að tryggja fötludu og langveiku fólki viðunandi framfærslu sem gerir því kleift að framfleyta sér og fjölskyldu sinni og lifa sjálfstæðu lífi til jafns við aðra.

Rannsóknir sýna að öryrkjar standa verr að vígi bæði félagslega og efnahagslega í íslensku samfélagi vegna fátæktar. Og ekki nóg með það, heldur hefur bág fjárhagsstaða áhrif á framtíðarmöguleika barna þeirra. Þessi ójöfnuður er engan veginn ásættanlegur í öflugri velferðarþjóðfélagi eins og Íslandi. Við hjá Sjálfsbjörg, landssambandi hreyfihamlaðra, skorum á stjórnvöld að bæta kjör öryrkja og fatlaðs fólks hið fyrsta.

Viltu hætta að reykja?

Þú velur bragðið...



 **nicorette**
gerðu eitthvað magnað

Yfir níu af hverjum tíu sveitarfélögum komin með aðgengisfulltrúa



Guðjón Sigurðsson, formaður MND á Íslandi og verkefnisstjóri hjá ÖBÍ

Mynd: Finnur Birgisson

ÖBÍ hefur undanfarin tvö ár unnið að því að fjölga aðgengisfulltrúum í sveitarfélögum landsins. Verkefnið hefur gengið vonum framár, og hafa nú verið skipaðir sérstakir aðgengisfulltrúar í 61 af 64 sveitarfélögum. Á sama tíma hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga varið 360 milljónum í umbætur á aðgengi víðs vegar um land.

Einn tengiliður varðandi aðgengismálin

Markmiðið með verkefninu er að tryggja einfaldar boðleiðir innan sveitarfélaganna varðandi aðgengismál og úrbætur á þeim. Í samstarfsyfirlýsingu þeirra sem að verkefninu standa kemur fram að mikilvægt sé að fatlaðir hafi aðgengi að samfélaginu til jafns við aðra, og að sveitarfélögin gegni þar lykilhlutverki.

„Okkar hlutverk hefur verið að hvetja sveitarfélögin til að skipa aðgengisfulltrúa og aðstoða þau við að sækja sér fjármagn til úrbóta úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga,“ segir Guðjón Sigurðsson, sem er í forsvari fyrir verkefninu fyrir hönd ÖBÍ. „Hlutverk aðgengisfulltrúanna er að sjá til þess að gerðar séu úttektir á aðgengi og að sveitarfélögin bregðist hratt og örugglega við þar sem úrbóta er þörf.“

Guðjón segir að einn af helstu kostunum við að skipa aðgengisfulltrúa í öllum sveitarfélögum landsins sé að þá sé hægt að leita til eins ákveðins aðila með ábendingar um það sem betur megi fara. Aðgengisfulltrúinn vísi verkefnunum rétta leið innan kerfisins og sjái til þess að gerðar verði tímasettar áætlanir um úrbætur.

Sveitarfélögin hafa frjálssar hendur um val á aðgengisfulltrúa. Í minni sveitarfélögum er það oftast ekki sveitarstjórinn sem tekur verkefnið að sér og í þeim stærri eru það til dæmis umhverfis- og byggingarfulltrúar eða aðrir með innsýn í og áhuga á aðgengismálum fatlaðs fólks.

Aðgengi bætt fyrir rúmlega 700 milljónir

Í tengslum við átakið hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga úthlutað 360 milljónum króna í verkefni um allt land, og á móti kemur samþæringlegt framlag frá sveitarfélögunum. Því hefur aðgengi verið bætt fyrir meira en 720 milljónir á tveimur árum. Megináherslan hefur verið á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum sem sveitarfélögin nýta undir þjónustu sína og úrbætur á vinnustöðum fatlaðs fólks

Takk fyrir stuðninginn!

Mýrdælingur ehf
Nesey ehf
Nesraf ehf
Nonni litli ehf
Norðurorka hf
Norðurþing
Nostra ræstingar ehf
Nýi ökuskólinn ehf
ÓJ&K - ÍSAM
Orkubú Vestfjarða ohf
Pixel ehf
Rafholt ehf
Rafport ehf
Rafsetning ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
Rakarastofan Herramenn
Rekstrarþjónusta Gunnars Þ. ehf
Reykholahreppur
S. Guðmundsson ehf múrverktaki
Samiðn - samband iðnfélaga
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja - SSF
Seltjarnarnesbær
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Sjúkrahúsið á Akureyri
Sjúkraþjálfarinn ehf
Skaftárhreppur
SMÁ vélaleigan
Smith og Norland hf
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness sf
Steinull hf
Stéttarfélagið Samstaða
Stykkishólmsbær og Helgafellssveit
Súðavíkurhreppur
Svalbarðsstrandarhreppur
Sveitarfélagið Árborg
Sveitarfélagið Hornafjörður
T.ark - Arkitektar
Tengi ehf
THG Arkitektar ehf
Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein ehf
Tréverk ehf
Tærgesen - veitinga og gistihús
Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Úthafsskip ehf
Úti og inni sf
Verkmenntaskóli Austurlands
Verslunin Álfheimar
Verslunin Brynja ehf
Vesturbyggð
Vísir hf
Vopnafjarðarhreppur
Þingeyjarsveit
Öryggisgirðingar ehf

Íbúafjöldinn í þeim sveitarfélögum sem nú þegar hafa tilnefnt aðgengisfulltrúa telur yfir 99,5% þjóðarinnar.

með langvarandi stuðningsþarfir. Þá hefur verið unnið að því að bæta aðgengi að almenningssamgöngum, útivistarsvæðum og almenningsgörðum.

„Eitt af helstu áherslumálunum er að greiða fyrir aðgengi fatlaðs fólks að almenningssamgöngum. Þar höfum við einbeitt okkur að því að bæta aðgengi að biðskýlum og sjá til þess að í öllum vögnum séu afmörkuð svæði fyrir hjólastóla. Einnig höfum við beitt okkur fyrir því að upplýsingar um komu vagna og áætlanarleiðir, bæði innan sveitarfélaga og milli landshluta, séu aðgengilegar öllum,“ segir Guðjón.

Og það er af nógu að taka. Gerð var úttekt á biðstöðvum almenningssamgangna á landsbyggðinni þar sem í ljós kom að aðgengi eða yfirborð á 166 af 168 stoppistöðvum Strætó á landsbyggðinni telst slæmt eða mjög slæmt. Fundir með Vegagerðinni, sem ber ábyrgð á málaflokknum, gefa góða von um úrbætur á næstu árum.

Námskeið og fræðsla á vegum Sjálfsbjargar

Í samstarfi við Guðjón og ÖBÍ hefur Sjálfsbjörg staðið fyrir námskeiðum fyrir aðgengisfulltrúa sveitarfélaganna. Eins og áður er það Harpa Cilia Ingólfadóttir, byggingafræðingur hjá HMS og sérfræðingur í aðgengi, sem sér um námskeiðin.

„Við förum vel yfir skilgreiningarnar á fötlun, algildri hönnun og aðgengi fyrir alla, og setjum þær í samhengi við mannvirkjalöggjöfina, byggingarreglugerðina og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks,“ segir Harpa Cilia, sem starfar innan nýstofnaðs teymis HMS um mannvirki og sjálfbærni. Einnig hafa starfsmenn Veitna tekið þátt í námskeiðunum, með sérstaka áherslu á að tryggja aðgengi á framkvæmdatíma.

Harpa bætir við að sjötti kafli byggingarreglugerðinnar, sem fjallar um aðkomu, umferðarleiðir og innri rými mannvirkja, endurspegli vel markmið samnings Sp um algilda hönnun og bann við mismunun í mannvirkjum.

„Með vísan í lagaumhverfið og samning Sameinuðu þjóðanna fá aðgengisfulltrúarnir góða innsýn í úttektir á eldra húsnæði. Hvað þarf að skoða varðandi aðgengi, hvernig er best að standa að mælingum, og hvert má leita varðandi lausnir,“ segir Harpa Cilia.

Sjálfsbjörg mun halda sambærileg námskeið á næsta ári fyrir aðgengisfulltrúa sveitarfélaga og aðra sem huga þurfa að aðgengi í störfum sínum. Áhugasömum er bent á að hafa samband við: info@sjalfsbjorg.is

Starfið hefur farið vel af stað á Akranesi

Ein af þeim sem sótt hefur námskeiðin er Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri hjá Skipulags- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar. Hún hefur gegnt hlutverki aðgengisfulltrúa frá því að hún hóf störf hjá sveitarfélaginu í janúar.

„Hlutverkið felst fyrst og fremst í því að stuðla að aðgengi fyrir alla í stofnunum í eigu og umsjá Akraneskaupstaðar,“ segir Anna Þóra. Hún útskýrir að fyrri aðgengisfulltrúi hafi unnið ítarlegar skýrslur um stöðuna í aðgengismálum á Akranesi. „Þegar ég hóf störf forgangsraðaði ég verkefnum í samráði við stjórnendur á hverjum stað og fór vel yfir þau með þeim aðilum sem að þeim þurftu að koma. Síðan ýttum við úr vör þeim umbótum sem hægt var að koma af stað, og það hefur heilmargt gerst hjá okkur síðan. Við erum orðin mun meðvitaðri um mikilvægi þess að taka tillit til aðgengis í öllum framkvæmdum og viðhaldi.“



Kópavogsbær



Mosfellsbær



GARÐABÆR



ÖLFUS



Múlaþing



Reykjavík



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



Akureyrarbær



SNÆFELLSBÆR
Þar sem jökullinn ber við loft...



Hafnarfjörður



FJARÐABYGGÐ



Skagafjörður



Samningur Sp um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur á næsta þingári

Svo virðist sem langri þrautagöngu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í íslenska stjórnkerfinu sé að ljúka. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, telur brýnt að samningurinn verði lögfestur hið fyrsta. Ríkisstjórnin stefnir á að það verði gert á næsta þingári, eða fyrir mitt ár 2024.

Mikilvægt skref sem varðar réttaröryggi Í síðasta tölublaði Klifurs fjölluðum við um áhugavert dómsmál Arnars Helga Lárussonar formanns SEM-samtakanna um aðgengi að menningarstofnunum í Reykjanesbæ. Þar kom fram að sú staðreynd að samningurinn hafi ekki verið lögfestur á Íslandi hafi haft áhrif á niðurstöðu dómsins. Dómsmálið tapaðist í Hæstarétti og síðar fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu.

Ísland undirritaði Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 2008 og var hann fullgiltur af Alþingi síðla árs 2016. Lögfesting hans var svo á dagskrá Alþingis í lok 2020 en ekkert varð úr. Samkvæmt dómsmálaráðuneytinu var ástæðan sú að koma þyrfti á fót sjálfstæðri mannréttindastofnun sem hefði eftirlit með framfylgd samningsins, og að ekki hefði fengist fjármagn í það verkefni. Í fyrstu skýrslu Íslands um innleiðingu samningsins kom aukinheldur fram að stofnunin væri ekki á fjármálaáætlun ríkisins fyrir tímabilið 2020-2025.

Bjartari teikn á lofti

Nú virðist hins vegar vera að birta til.

„Helsta stefnumálið okkar sem við viljum koma til framkvæmda á þessu kjörtímabili er að lögfesta Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem er afskaplega brýnt að mínu viti,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra. Hann segir að málið verði lagt fram á næsta þingári. „Í því felst jafnframt að við vinnum svokallaða landsáætlun um innleiðingu samningsins, þar sem settar verða fram þær aðgerðir sem grípa þarf til til þess að við getum staðið við hann.“

Vinnunni við landsáætlunina var hleypt formlega af stokkunum þann 16. nóvember 2022 og verður hún helsta verkfæri stjórnvalda til að ná markmiðum samningsins.

Samkvæmt upplýsingavef Stjórnarráðsins um samninginn eru helstu markmiðin þau að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra, ásamt því að stuðla að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess. Þá felur samningurinn í sér bann við hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og að fötluðu fólki sé tryggð jöfn og árangursrík réttarvernd gegn allri slíkri mismunun. Það er því til mikils að vinna.



Mynd: Aðsend

„Með lögfestingu samnings er texti hans í heild settur í lög og einstaklingum þar með gert kleift að byggja á ákvæðum hans fyrir innlendum dómstólum.“ – Stjórnarráð Íslands

Fjármögnun mannréttindastofnunar tryggð

Að sögn Guðmundar Inga eru málefni fatlaðs fólks á forræði félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, á meðan forsætisráðuneytið ber ábyrgð á lögfestingu samningsins. Málið verði því unnið í nánu samstarfi ráðuneytanna tveggja.

Í svörum forsætisráðuneytis kemur fram að samstarfssáttmáli ríkisstjórnarflokka kveði á um lögfestingu samningsins og stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar. Ríkisstjórnin muni því tryggja nauðsynlegt fjármagn til stofnunarinnar á kjörtímabilinu.

„Í fjárlagafrumvarpi næsta árs og fjármálaáætlun 2023-2027 er greint frá fyrirhugaðri mannréttindastofnun. Vinna við þau áform er þegar hafin, en forsætisráðuneytið vinnur

nú að gerð Grænbókar um stöðu mannréttindamála á Íslandi, þar sem mannréttindaeftirlit verður haft sérstaklega til hliðsjónar,“ segir í svari ráðuneytisins.

Undirbúningurinn fólst meðal annars í því að forsætisráðuneytið stóð fyrir samráðsfundum um mannréttindamál um allt land í ágúst og september, meðal annars með þátttöku ÖBÍ og Proskahjálpar.

Í Grænbókinni verður lögð sérstök áhersla á að skilgreina verksvið og ábyrgð sjálfstæðrar mannréttindastofnunar sem uppfyllir hin svokölluðu Parísarviðmið, en það er forsenda þess að stofnunin geti sinnt eftirliti með framfylgd samningsins. Forsætisráðuneytið gerir ráð fyrir að frumvarp um stofnunina verði lagt fram haustið 2023 og að hún geti því tekið til starfa á árinu 2024.

„Helsta stefnumálið okkar sem við viljum koma til framkvæmda á þessu kjörtímabili er að lögfesta Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem er afar brýnt að mínu viti.“

Jafnt aðgengi eitt af meginmarkmiðunum

„Ef við horfum sérstaklega til málefna hreyfihamlaðs fólks, þá er það einmitt meðal meginmarkmiða samningsins að við höfum öll sama aðgang og möguleika á því að lifa sjálfstæðu lífi. Ein helsta forsenda þess er að geta ferðast og hreyft sig frá einum stað til annars,“ bætir Guðmundur Ingi við.

Hann segir stefnu stjórnvalda vera að tryggja aðgengi allra að byggingum, og í takti við samninginn að koma í veg fyrir að fólki sé mismunað vegna fötlunar. Ráðherrann lýsir ánægju sinni með áhersluna á algilda hönnun í lögum og byggingarreglugerðum.

„Það er ánægjulegt að hér á landi sé í gildi byggingarreglugerð sem gerir kröfu um að húsnæði henti öllum og sé aðgengilegt fyrir okkur öll, hreyfihamlaða sem og annað fólk. Meðal annars er gerð krafa um að í öllu nýju íbúðarhúsnæði á fleiri hæðum sé lyfta og að salerni séu hönnuð þannig að hreyfihamlaðir hafi þar aðgang. Þetta er mikið réttlætismál og á við um allt nýtt húsnæði sem ráðist er í.“

Menntamál og atvinnutækifæri fatlaðs fólks

Auk aðgengismálanna nefnir Guðmundur Ingi menntamál fatlaðs fólks, jafna stöðu á vinnumarkaði og endurskoðun örorkulífeyriskerfisins sem helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar í málaflokknum.

Nýlega skipaði hann starfshóp til að auka náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk í samráði við Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Ásmund Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra. Tillögum hópsins er ætlað að falla að samningi Sameinuðu þjóðanna og áherslum ríkisstjórnarinnar um menntun og atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

„Mér sviður það að fatlað fólk hafi ekki sömu tækifæri til að mennta sig og eigi erfiðara með að komast inn á vinnumarkað og vera á vinnumarkaði,“ segir ráðherrann. „Hér erum við að vinna að breytingum. Hópurinn mun meðal annars líta til þess að bæta aðgengi fatlaðs fólks að námi og vinnumarkaði, sem er náttúrulega grundvallarjafnréttismál.“



VIÐ LÉTTUM ÞÉR LÍFIÐ

Heilbrigðisvið Fastus býður upp á heildarlausnir í endurhæfingar-, hjúkrunar- og hjálpertækjum.

Pantaðu tíma hjá söluráðgjöfum okkar í síma 580 3900 sem aðstoða þig við val á vörum sem henta þínum þörfum.



Rafskutlur



Bað- og salernishjálpartæki



Hjólastólar



Hjúkrunarrúm og dýnur



Göngugrindur



Æfingatæki til heimanotkunar



Næringadrykkir



Snúningslök



Loftsessur

Megan Lee Smith sameinar fötlunarak­tívisma og rannsóknir

Bandaríkjamaðurinn Megan Lee Smith hefur stundað doktorsnám í fötlunarfræði við Háskóla Íslands síðastliðin þrjú ár. Þar hefur hún rannsakað ýmis siðferðileg álitamál tengd fósturgreiningum. Starfsferill Megan spannar allan heiminn.

Þörf á umræðu um áhrif tækninnar

Það er óhætt að segja að Megan eigi áhuga-verðan feril að baki. Hún hefur unnið að réttindum fatlaðs fólks á stríðshrjádum svæðum í Miðausturlöndum og Mið-Asíu og komið að fjölda verkefna sem stuðla að valdeflingu ungs fatlaðs fólks, meðal annars í Kína, Bahrain, á Spáni og víðar. Hún eyddi þremur árum í Afghanistan þar sem hún sinnti ráðgjöf um barneignir og fjölskyldu-myndun fatlaðra kvenna og hélt síðan í meistaranám í friðar- og átakafræðum í Brisbane í Ástralíu. Á meðan á náminu stóð dvaldi hún meðal annars í Kambódíu, en þar vann hún með fólki sem hefur fatlast af völdum jarðsprengja.

Áður en leiðin lá til Íslands starfaði Megan hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, þar sem starf hennar fólst í því að tryggja að tekið yrði mið af réttindum fatlaðs fólks og kvenna í allri stefnumótun. Doktorsnám Megan við Háskóla Íslands er fjármagnað af evrópskri rannsóknaráætlun um réttindi fatlaðs fólks sem nefnd er eftir Marie Curie. Alls voru 14 rannsóknarstyrkir í boði víðs vegar um Evrópu, þar á meðal hér á Íslandi.

„Markmiðið með Marie Curie styrknum er að brúa bilið milli rannsókna og réttindabaráttu fatlaðs fólks,“ segir Megan þegar hún segir okkur frá rannsóknum sínum. „Það hafa orðið miklar framfarir í fósturgreiningum sem vekja margar áleitnar spurningar. Í dag getum við ekki bara séð hvort fósturið sé með verulega fötlun eða sjúkdóma, Downs heilkennið eða önnur litningafrávik. Við getum líka greint erfðamengi þess og sýnt fram á líkurnar á offitu eða snemmbúnum Alzheimmer, sem dæmi. Við þurfum að taka afstöðu



til þess hversu ítarlegar upplýsingar við viljum fá og hvernig þær hafa áhrif á ákvarðanir okkar.“

Megan mætti nýlega til starfa á aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna þar sem hún mun vinna að innleiðingu stefnu þeirra um inngildingu fatlaðs fólks. Dvöl hennar á Íslandi er því lokið, alla vega í bili.

Mynd: HÍ - Rafn Rafnsson

Eins og þekkt er hefur fæðingum barna með Downs heilkennið fækkað mikið á Íslandi undanfarin ár. Megan leggur áherslu á að mikilvægt sé að umræðan fari fram á samfélagslegum vettvangi, hún taki alls ekki afstöðu til ákvarðana einstaka foreldra. Hins vegar hafi hún áhyggjur af þeim viðhorfum í samfélaginu sem valdi því að fólk treysti sér ekki til að ala upp fötlud börn eða börn með Downs.

„Þessi nýja tækni hefur nú þegar haft áhrif á samsetningu þjóðfélagsins okkar. Þess vegna er brýn þörf á aukinni umræðu um áhrif og afleiðingar tækninnar og hvernig við viljum vinna úr þeim viðamiklu upplýsingum sem nú er hægt að fá um ófædd börn.“

Þjónusta við fatlað fólk aðskilin daglegu lífi

„Á yfirborðinu er Ísland eitt þeirra landa sem mér hefur fundist auðveldast að búa í vegna þeirrar félagslegu þjónustu og úrræða sem í boði eru,“ segir Megan, aðspurð um stöðu fatlaðs fólks á Íslandi. Þá nefnir hún að áttak Haraldar Þorleifssonar hafi bætt lífsgæði hennar hér á landi, þar sem það hafi auðveldað henni að sækja menningarviðburði og tónleika. Hún bætir hins vegar við að það komi henni stöðugt á óvart hversu oft þjónusta við fatlaða sé aðskilin daglegu lífi annars fólks. Hún tekur Strætó sem dæmi.

„Það eru rampar í öllum vögnum en það er ekkert endilega gert ráð fyrir að fatlað fólk nýti sér þá. Ég er ekki með aðstoðarfólk en ferðast mikið með strætó, og mér hefur oft verið bent á að hringja frekar í Pant, akstursþjónustuna fyrir fatlað fólk. Þá yrði ég keyrð alveg upp að dyrum, en ég vil mun frekar nýta mér almenna þjónustu strætó eins og annað fólk.“




Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

MEITILL
G T T Æ K N I

Lin
DESIGN

Aquasport
SUNÐVERSLUN



Við bjóðum upp á mikið úrval af sundlaugalyftum
sem tryggja aðgengi fyrir alla í sund.

Aquasport – Bæjarlind 1-3 – www.aquasport.is – 564-0035



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, unclir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Sjálfsbjörg heldur árlegan aðgengisdag

Árlegur aðgengisdagur Sjálfsbjargar var haldinn í fyrsta skipti í lok ágúst. Markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi þess að aðgengi sé í lagi og fjölga skráningum í Traversable, sem gerir fólki kleift að athuga aðgengi að veitingastöðum, menningu og þjónustu. Dagurinn var haldinn í samstarfi við aðildarfélög Sjálfsbjargar um land allt.

Aðgengisdagurinn á Akureyrarvöku

Sjálfsbjörg félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni hélt daginn hátíðlegan á Ráðhústorgi. Þar var gestum og gangandi boðið að kynna sér aðstæður fatlaðs fólks, prófa hjólastól og glíma við ýmsar algengar hindranir sem hreyfihamlaðir einstaklingar rekast á í sínu daglega lífi. Dagskráin var meðal viðburða á Akureyrarvöku, sem er árleg afmælishátíð bæjarins.

„Við ræddum við fjölda fólks um aðgengismál, kynntum starfsemi félagsins og vöktum athygli á Traversable-appinu,“ segir Linda Egilsdóttir, einn af skipuleggjendum viðburðarins. „Það kemur mörgum á óvart að aðgengi sé enn ábótavant. Það er hins vegar ekkert óeðlilegt við það að fólk hugsi lítið um aðgengi ef það þarf þess ekki dags daglega. Þú átt mun auðveldara með að setja þig í þessi spor ef annað hvort þú eða einhver nákominn þér er háður því að aðgengi sé gott.“

Félagar Lindu í Sjálfsbjörg á Akureyri, þau Elmar Logi Heiðarsson og Sigrún María Óskarsdóttir, hafa einnig heimsótt fyrirtæki í bænum og tekið út aðgengi, þar á meðal á kaffihúsum, veitingahúsum og skemmtistöðum í höfuðstað Norðurlands.

„Það er mjög mikil vitundarvakning í gangi varðandi aðgengismál og það er mikilvægt að við nýtum okkur hana. Að við séum sýnileg og gerum okkar til að viðhalda þekkingu á aðgengi og stuðla að því að fólk sé meðvitað um mikilvægi góðs aðgengis,“ segir Linda.



„Fólkið í Sjálfsbjörg hefur þann mikilvæga eiginleika að setja fram skýrar tillögur á jákvæðan hátt, en ekki bara benda á það sem aflaga fer,“ segir Gylfi Ólafsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðar.

Mynd:
Snævar Sölvason

Formaður bæjarráðs í hjólastól um bæinn

Á Ísafirði buðu Sjálfsbjörg og Styrktarfélag fatlaðra á Vestfjörðum bæjarbúum í göngutúr til að kynna sér aðgengismálin og upplifa vankanta á frágangi á gangbrautum, gangstéttarbrúnum, bílastæðum og dyraumbúnaði. Heiðursgestur var Gylfi Ólafsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og formaður bæjarráðs Ísafjarðar, en honum var ekið í hjólastól alla leiðina.

„Það er mjög öflugur hópur í þessum máli um hér fyrir vestan,“ segir Gylfi. „Hafsteinn Vilhjálmsson formaður Sjálfsbjargar á Ísafirði hefur verið ötull við að ræða aðgengi að heilbrigðisstofnuninni og opnað augu mín fyrir mörgu af því sem þarf að vera í lagi. Það er til dæmis ekki nóg að vera með niðurtekna kantsteina við bílastæðin, heldur þarf líka að sjá til þess að yfirborðið sé óskemmt.“

Í göngutúrnum kom fram að gott aðgengi fyrir hjólastóla gagnast ýmsum öðrum, eins og þeim sem nota göngugrindur, rafskutlur, reiðhjól eða rafmagnshlaupahjól. Þá auðvelda breiðir og sléttir fletir snjómokstur - eitthvað sem skiptir talsverðu máli á Ísafirði.

„Við leggjum höfuðáherslu á að fólk komist um innanbæjar, bæði fatlað fólk og aldraðir,“ segir Hafsteinn Vilhjálmsson. „Við höfum verið dugleg að senda ábendingar til bæjarins sem leiddu meðal annars til úrbóta á leiðinni frá Hlíf, íbúðum eldri borgara, að verslunum í bænum. Það þarf að taka aðgengismálin á dagskrá, og þar eigum við hauk í horni í Gylfa.“



Af hverju að flækja málin?

Heimahlæðsla ON í áskrift - betra fyrir alla!

Með Heimahlæðslu ON í áskrift greiðir þú lága upphæð mánaðarlega og hleður rafbílinn þinn áhyggjulaus. Kynntu þér Heimahlæðslu ON og leyfðu okkur að leysa úr flækjunni.

Nánari upplýsingar á on.is/heimahlæðsla

on
Orka
náttúrunnar



Hér má sjá nýtt og öflugt starfsfólk Sjálfsbjargar, þau Karl Inga Karlsson, húsvörð, Guðrúnu Örnú Kristjánsdóttur, fjármálafulltrúa, og Þórð Sigríksson, umsjónarmann fasteigna. Á myndina vantar Guðbjörgu Runólfsdóttur, verkefnastjóra markaðsmála og viðburða.

Mynd:
Finnur Birgisson

Sjálfsbjörg, landssamband hreyfihamlaðra
Skrifstofa Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra, er á fyrstu hæð Sjálfsbjargarhússins að Hátúni 12, á sama stað og Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar. Skrifstofan er opin frá 9:00-12:30 og 13:00-15:00.
Sími: 550 0360
Netfang: info@sjalfsbjorg.is

Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar
leigir út margvísleg hjálpartæki sem gera hreyfihömluðu fólki kleift að fara ferða sinna. Hægt er að leigja hækjur, göngugrindur, hjólastóla, rafskutlur, lyftara, sjúkrarúm og fleira, bæði til lengri og skemmri tíma. Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar er opin alla virka daga frá 11:00-15:00.
Sími: 550 0360
Netfang: leiga@sjalfsbjorg.is


Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar
Þekkingarmiðstöðin miðlar hagnýtum upplýsingum sem gagnast hreyfihömluðu fólki um land allt. Hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um réttindi og þjónustu við hreyfihamlaða á www.sjalfsbjorg.is.

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar er opin alla virka daga frá 9:00-12:30 og 13:00-15:00.
thekking@sjalfsbjorg.is

Sjálfsbjargarheimilið
Sjálfsbjargarheimilið sinnir endurhæfingu og hjúkrun hreyfihamlaðra einstaklinga sem þurfa umtalsverða daglega þjónustu. Heimilið skiptist í búsetueiningu og þjónustumiðstöð þar sem íbúar hússins og aðrir sækja endurhæfingu og virknipjálfun.
Sími á skrifstofu Sbh: 550 0300
Nánari upplýsingar: www.sbh.is

Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins
Nánari upplýsingar: www.sbh.is
Sími í Þjónustumiðstöð: 550 0316
Netfang: thjonustumidstod@sbh.is

Í Hátúni 12 eru einnig eftirfarandi fyrirtæki:
Stjá sjúkraþjálfun, Kírópraktorstofa Katrínar, Nálastungur Íslands, Fótaaðgerðastofa Ríkeyjar, Alvican hugbúnaðarfyrirtæki, Osteo Strong, Miðstöð slysavarna barna, Kiso, Sauma, Berglind klæðskeri, 105 Production og Húsameistarinn.



Alþýðusamband Íslands



Hlutverk Sjálfsbjargar er að vinna að fullkominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðs fólks á Íslandi og gæta réttinda og hagsmuna þess. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja aðgengi að mannvirkjum, umhverfi, menntun, atvinnu og upplýsingum